

Sveitarfélagið Vogar
b/t Gunnars Axels Axelssonar, bæjarstjóra
lõndal 2
190 Vogum

10.1.2023

Efni: Suðurnesjalína 2, umsókn um framkvæmdaleyfi, umsögn vegna nýrra gagna

Vísað er til bréfs Sveitarfélagsins Voga, dags. 4. janúar 2023 (Málsnúmer: 2104113), vegna umsóknar Landsnets hf. til sveitarfélagsins um framkvæmdaleyfi fyrir 220 kV háspennulínu, Suðurnesjalínu 2, frá 11. desember 2020. Í bréfinu er Landsneti veitt tækifæri til að tjá sig um greinargerð Dr. Ástu Rutar Hjartardóttur, jarðeðlisfræðings hjá Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, um bergsprungur í nágrenni Voga og minnisblað Lotu verkfræðistofu, Rýni á minnisblaði um mekanískt þol jarðstrengja.

Umrædd gögn staðfesta fyrirbyggjandi upplýsingar um sprunguhreyfingar á því svæði sem umsókn um framkvæmdaleyfi snýr að og mekanískt þol jarðstrengja. Greinargerð um bergsprungur er þriðja gagn frá Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands um jarðvá á svæði fyrirhugaðrar Suðurnesjalínu 2 og áttunda skjalíð sem hefur verið unnið í tengslum við málið af ýmsum sérfræðingum. Niðurstöður þessara greininga styðja niðurstöðu Landsnets að loftlína skv. valkosti C, sé ákjósanlegasti kosturinn þegar litið er til allra nauðsynlegra þátta við ákvarðanatöku. Þessar upplýsingar liggja þannig þegar fyrir í málinu sem og afstaða Landsnets til þeirra. Framlögð gögn breyta því ekki því meginsjónarmiði að loftlínur séu öruggari en jarðstrengir við þær aðstæður sem á framkvæmdaleyfissvæðinu eru.

Í fyrra bréfi Landsnets til Sveitarfélagsins Voga, dags. 6. maí 2022, minnti Landsnet á að samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003 ber félaginu lagaskylda til að byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, gæða raforku og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Ákvarðanir um framkvæmdir í flutningskerfi raforku þurfa að byggja á heildstæðu mati á öllum þessum sjónarmiðum og við val á mannvirkjakostum og staðsetningu þeirra þarf Landsnet því að taka tillit til margra þátta eins og öryggis og áreiðanleika, umhverfis, ásýndar, samfélags og kostnaðar.

Landsnet bendir á að í niðurstöðum úrskurðar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 53/2021, segir m.a. um annmarka á fyrri ákvörðun Sveitarfélagsins Voga um að hafna útgáfu framkvæmdaleyfis: „Meira máli skiptir þó að ekki var tekin afstaða til meginsjónarmiða Landsnets um öryggi loftlínu umfram jarðstreng. Verður að telja að mat á þeim sjónarmiðum andspænis þeim sem lutu að umhverfislegum ávinningi og bæjarstjórn byggði á hefði getað haft þýðingu fyrir afdrif umsóknar Landsnets um framkvæmdaleyfi. Þegar hafðir eru í huga þeir miklu hagsmunir sem undir eru, langur aðdragandi umsóknar um framkvæmdaleyfi og ítarleg málsmeðferð á þeim tíma, þykja greindir annmarkar á rökstuðningi bæjarstjórnar til þess fallnir að vekja réttmætan vafa um hvort synjun hennar hafi verið reist á málefnalegum grundvelli að teknu tillit til framangreindra atvika allra.“

Þá bendir Landsnet einnig á ákvæði 9. gr. c í raforkulögum, þar sem fram kemur að sveitarstjórnnum beri að tryggja að skipulagsákvæðanir hindri ekki framgang þeirra verkefna sem eru í staðfestri þriggja ára framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar. Ennfremur er vísað til síðari málsliðar 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011 þar sem kveðið er á um að sveitarstjórnarmönnum beri í hvívetna að gæta að almennum hagsmunum íbúa sveitarfélagsins sem og öðrum almannahagsmunum. Landsnet telur að allar forsendur séu til afgreiðslu umsóknar félagsins um framkvæmdaleyfi enda öll lagaskilyrði fyrir hendi. Fyrir liggja gildar skipulagsáætlanir allra sveitarfélaga, umhverfismat framkvæmdarinnar, álit Skipulagsstofnunar, Kerfisáætlun og framkvæmdaáætlun samþykkt af Orkustofnun sem og framkvæmdaleyfi allra annarra sveitarfélaga á línuleiðinni síðar staðfest af úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála. Framkvæmdin hefur hlotið mun ítarlegri umfjöllun en flestar eða allar aðrar framkvæmdir í raforkukerfinu. Í ljósi alls þessa óskar Landsnet eftir því að ákvörðun í málinu verði hraðað og framkvæmdaleyfi veitt.

Virðingarfyllt

LANDSNET
Daniel Scheving Hallgrímsson
Daníel Scheving Hallgrímsson
Verkefnastjóri